

Bókunarbíl

Síðast uppfært 08/09/2026 2:17 pm BST

Bókunarbíl

Bókunarbíl segir til um á hvaða tímasetningum lausir tímar birtast í netbókunum hjá viðkomandi starfsmanni.

Ef bókunarbílið er t.d. stillt á 15 mínútur geta lausir tímar birst kl. 10:15, 10:30, 10:45 o.s.frv.

Bókunarbílið getur þó hliðrast ef næsti lausi tími hefst á óreglulegum tíma. Ef fyrri bókun lýkur til dæmis kl. 10:20 getur næsti lausi tími birst kl. 10:20 og síðan 10:35, 10:55 o.s.frv., í stað þess að fylgja hefðbundna 15 mínútna bilinu.

i Til þess að bókanir séu á klukkutíma fresti þarf bókunarbíl starsmannsins að vera 60 mín.

Hvernig breyti ég bókunarbíli starfsmanns?

Til þess að stilla bókunarbílið ferðu í **Valmyndina -> Starfsmenn -> smellir á viðkomandi starfsmann -> Netbeiðnir -> Bókunarstillingar** og velur þar bókunarbílið sem þú vilt nota.

Bókunar stillingar

Leyfa bókanir frá nýjum viðskiptavinum ?

☒

Birtist í "Hvaða starfsmaður sem er" valinu ?

☒

Samþykktarferli fyrir bókanir ?

☒

Bókunarbíl ?

15 mín ▾

Samspil bókunarbíls starfsmanns og dagatals

Til þess að tryggja að allir mögulegir lausir tímar nýtist þarf bókunarbíl dagatalsins að passa við bókunarbíl starfsmannsins.

Til þess að stilla bókunarbíl dagatalsins er hægt að fara í **Valmyndina -> Stillingar -> Dagatal**.

Opnunar- og bókunartímar

Stíltu opnunartímana þína og með hvaða millibili viðskiptavinir geta bókað. Þessar stillingar hafa áhrif á hvernig dagatalið er sýnt og þá valkosti sem viðskiptavinir þínir hafa þegar þeir bóka tíma.

Opnar

08:00

Lokar

18:00

Bókunarbíl

15 mín ▾

Tímabelti

Atlantic/Reykjavik

Tímasnið

24 tímar (21.00) ▾

i Bókunarbíl dagatalsins þarf að ganga upp í bókunarbíli starfsmannsins. Ef bókunarbíl starfsmanns er

til dæmis 30 mínútur getur bókunarbíl dagatalsins verið 5, 10, 15 eða 30 mínútur.

Bókunarbíl dagatalsins getur aftur á móti ekki verið 20 mínútur ef bókunarbíl starfsmannsins er 30 mínútur. Þá falla bilin ekki saman og mögulegt er að lausir tímar í dagatalinu nýtist ekki að fullu.

Við mælum því með að fara yfir báðar stillingarnar og ganga úr skugga um að bókunarbíl dagatalsins gangi upp í bókunarbíli starfsmannsins.

Þá er það ekki fleira í bili, en ekki hika við að heyra í okkur ef einhverjar spurningar vakna?
